

## **Mælaborð velferðasviðs og tölulegar upplýsingar(2020021149)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir lykiltölur sviðsins.

### **Áfrýjunarnefnd**

Í janúar 2020 voru 19 erindi lögð fyrir áfrýjunarnefnd.

16 erindi voru samþykkt, 1 erindi synjað, 1 erindi frestað og einu erindi lokað þar sem tilskilin gögn bárust ekki.

### **Sérstakur húsnæðisstuðningur.**

Alls fengu 213 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins í janúar 2020, samtals kr. 2.951.067. Í sama mánuði 2019 fengu 156 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins.